

Nr. 32/1888.

Umboðsmaður Skriðu-
klausturs og Suður-
Múlasýslujarða

gegn

Eigendum Víðivalla ytri
og hjáleigunnar Klúku.

Dómur:

Í máli þessu út af ágreiningi um landamerki milli jarðanna Víðivalla ytri og hjáleigunnar Klúku öðrumegin og þjóðjarðarinnar Hrafnkelsstaða á hina hliðina, sem dæmt var af sýslumanni og meðdómsmönnum í aukarjetti Norður-Múlasýslu hinn 21. maímán. 1887, var við rjettarhald í hjeraði hinn 20. sama mánaðar af hálfu eiganda Víðivalla meðal annars fram lagt „*Kálfskinnsbrjef með eptirriti fyrir Víðivöllum ytri, þar sem á er ritað kaupbrjef, vitnisburðir o. fl.*“, auðkennt L^{tra} D, og er bæði í sókn og vörn málsaðila í hjeraði, og sömuleiðis í undir-
rjettardóminum, vitnað til skjals þessa, og að nokkru eða jafnvel mestu leyti byggt á því, en það er eigi ritað í hjeraðsdómsgjörðirnar, og eigi hefur það á annan hátt verið fram lagt fyrir yfirdóminum. Að vísu hefur áfrýjandinn haldið því fram, að skjal það, er hann lagði fram í sama rjettarhaldi í hjeraðs-
rjettinum, og sem kallað er „*Útdráttur af máldaga Víðivalla*“ (auðkennt L^{tra} K í undirrjettarskjölunum), geti orðið að sömu notum í málinu, eins og kálfs-
skinnsbrjefið sjálft, en skjal þetta, sem er óundir-
skrifað, ódagsett og óstaðfest, er auðsjáanlega eigi eptirrit af kálfskinnsbrjefinu, heldur að eins útdrátt-

ur úr því, og er þó engin grein gjörð fyrir því, hve áreiðanlegur og ítarlegur þessi útdráttur sje.

Með því að áfrýjandinn þannig eigi hefur gætt fyrir mælanna í N. L. 1—6—10 og 18, sbr. 1—5—13, verður *ex officio* að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Hinir stefndu hafa eigi mætt hjer fyrir rjettinum, og enginn af þeirra hendi, og fellur málskostnaður því niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu frá vísast. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 36/1888.

Gunnar Gunnarsson
gegn
Sigfúsi Eymundssyni.

Dómur:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur kaupstaðar, sem dæmdur var afsýslumanni Franz Siemen, sem setudómara, 12. júlí þ. á., var áfrýjanda þessa máls, Gunnari trjesmið Gunnarssyni, gjört að greiða hinum stefnda, ljósmyndasmið Sigfúsi Eymundssyni, fyrir að hafa rífið nokkuð úr húsi hans, 70 kr. 74 aura í skaðabætur, og skaðabætur fyrir leigumissi, óþægindi, usla og óskunda eptir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, svo og 25 kr. í málskostnað. Þar að auki var áfrýjandi dæmdur í 25 kr. sekt til landsjóðs eptir 298. gr. hegningarlagna.

Þessum dómi hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. ágúst. þ. á. og þar kraf-